

Ársskýrsla 2021

Ársskýrsla deildarstjórnar um starf Eyjafjarðardeildar Rauða krossins 2021

Stjórn og kjörtími stjórnarmanna var þannig ákveðinn á aðalfundi deildarinnar 2021:

Aðalmenn:

Til tveggja ára 2021-2022 voru kosin:

Gunnar Frímansson formaður (Akureyri)
Gísli Kort Kristófersson (Akureyri)
Hilmar Friðjónsson (Akureyri)
Karen Malmquist (Akureyri)
Sigríður Stefánsdóttir (Akureyri)

Til eins árs 2021-2022

Berglind Júlíusdóttir (Akureyri)
Konráð K. Baldursson (Siglufirði)

Áfram sitja í stjórninni til 2022 kosin til tveggja ára á aðalfundi 2020:

Jón Baldvin Hannesson (Akureyri)
Aðalheiður Sigurjónsdóttir (Ólafsfirði)

Varamenn kosnir til eins árs 2021-2022

Fjóla V. Stefánsdóttir (Grenivík)
Kári Fannar Lárusson (Akureyri)
Kristín B. Gunnarsdóttir (Akureyri)
Sólborg Friðbjörnsdóttir (Dalvík)

Guðlaug Kristinsdóttir var kosin skoðunarmaður reikninga til eins árs.

Í kjölfari aðalfundar var kosið í embætti stjórnar og var Karen Malmquist kjörin varaformaður, Jón Baldvin Hannesson ritari og Berglind Júlíusdóttir gjaldkeri. Berglind Júlíusdóttir sagði sig úr stjórninni þegar hún tók við hlutastarfi hjá deildinni og fór Kristín Björk Gunnarsdóttir upp í aðalstjórn í hennar stað og tók við gjaldkerahlutverkinu.

Í árslok 2020 voru 1262 félagar skráðir í deildina, af þeim höfðu 567 greitt félagsgjöld. Þá voru 310 sjálfboðaliðar með skráðan sjálfboðaliðasamning við deildina á árinu sem komu að um 364 verkefnum. Það er því gott og öflugt sjálfboðaliðastarf við deildina eins og hefur verið.

Húsnæðismál

Deildin hefur aðgang að húsnæði Slysavarnarfélagsins á Siglufirði fyrir starf deildarinnar þar og greiðir fyrir það lága leigu. Í Ólafsfirði leigir deildin rými af Slysavarnarfélaginu fyrir vinaverkefni. Á Dalvík eru flokkuð föt og starfrækt verslun í leiguhúsnæði. Á Akureyri er verslun, fataflokkun, kennslusalir og skrifstofuaðstaða í húsnæði deildarinnar, þar sem einnig er sinnt félagslegum verkefnum á borð við Frú Ragnheiði og hjálparsímann 1717, þar hittist handverkshópur og skjólstaðingar fá viðtöl og aðra þjónustu.

Lokaúttekt byggingafulltrúa fór fram á húsnæðishlutanum sem keypt var 2013 á Akureyri. Talverðar endurbætur hafa átt sér stað á húsnæðinu s.l. ár en ljúka þurfti minniháttar framkvæmdum, svo sem að fjölga ljósum við neyðarútganga til að fá lokaúttektina. Í ljós kom að skólplögn í syðsta enda húsnæðisins var í sundur, var því ráðist í framkvæmdir við að lagfæra það og var sú viðgerð nokkuð

kostnaðarsöm. Byggt var geymsluloft í flokkunarrými í norðurenda en skortur á geymslurými hefur verið í nokkurn tíma.

Nýting húsnæðisins í Viðjulundi er góð þó að nýtingin hafi almennt verið minni árið 2021 en í venjulegri tíð vegna samkomutakmarkana. Sérstaklega var lítið um samkomur sjálfboðaliða og minna en almennt um salaleigu. Fjölmörg verkefni nýttu þó áfram húsnæðið. Fataverkefnið nýtir um 40% af húsnæðinu og var virkt allt árið. Hjálparsíminn og Frú Ragnheiður héldu einnig áfram göngu sinni á árinu og húsnæðið nýttist jafnframt verkefnum sem tengjast neyðarvörnum. Opið hús var haldið vikulega framan að ári, eða þar til verkefninu var lokið í ágúst. Kennslusalur og minni salur voru nýttir, bæði undir námskeið, fundi og aðra starfsemi deildarinnar en einnig voru salirnir leigðir út. Þá var minni salurinn notaður vikulega af handverkshópi deildarinnar. Guðnýjarstofa, herbergi á neðri hæðinni, er enn nýtt fyrir fjölmörg verkefni ásamt því að vera skrifstofa starfsmanna Landsskrifstofu og Eyjafjarðardeildar sem deila því rými.

Suðurendi var áfram í útleigu til einkaaðila á árinu en hluti þess rýmis nýttist einnig sem geymsla fyrir deildina. Leigjendur hafa áhuga á að fá geymsluna einnig leigða og er það í skoðun hvort önnur úrræði séu til staðar varðandi geymslu á þeim búnaði sem þar er fyrir.

Starfsmannamál

Árið 2021 voru Ingibjörg E. Halldórsdóttir deildarstjóri og Linda Guðmundsdóttir verkefnastjóri í fullu starfi hjá deildinni. Unnar A. Friðlaugsson var í 50% starfi við húsumsjón. Berglind Júlíusdóttir var ráðin tímabundið til að vinna að stefnumótun fyrir skaðaminnkun f.h. deildarinnar frá miðjum október og fram í miðjan janúar 2022 í 20% starfshlutfalli. Álfheiður Svana Kristjánsdóttir var ráðin sem neyðarvarnarfulltrúi hjá landsskrifstofu en er með starfsaðstöðu hjá Eyjafjarðardeild.

Verkefni Eyjafjarðardeildar

Líkt og árið á undan hafði heimsfaraldur Covid-19 umtalsverð áhrif á starfsemi deildarinnar. Hér á eftir er gerð grein fyrir hverju verkefni.

Fataverkefni

Fatasöfnun og -flokkun

Fötum er safnað í gáma á Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík og Akureyri auk þess sem föt berast frá Svalbarðseyri, Mývatnssveit og fleiri stöðum stöku sinnum. Fötin frá Siglufirði eru send óflokkuð til Akureyrar þar sem þau eru flokkuð og sett í sölu eða útflutning. Í Ólafsfirði eru fötin flokkuð og fatamarkaður opinn einu sinni í viku. Fötin sem nýtast ekki í Ólafsfirði eru send til Dalvíkur og Akureyrar. Á Dalvík eru föt flokkuð og nýtileg föt seld í versluninni þar en verslunin fær einnig föt frá Akureyri og Reykjavík. Það sem nýtist ekki á Dalvík er sent til Akureyrar til útflutnings. Á Akureyri eru föt flokkuð og fer sumt í verslun eða á mánaðarlegan markað. Það sem ekki er nýtt til sölu innanlands er sent úr landi í endurvinnslu. Töluverð aukning varð á beiðnum frá öðrum starfsstöðvum utan Eyjafjarðarar um að Eyjafjarðardeild sendi þeim flokkaðan fatnað og fóru sendingar öðru hverju frá Akureyri til Egilsstaða, Þórshafnar, Sauðárkróks og Blönduóss. Á árinu 2021 voru sendir 17 40 feta gámar eða tæp 177 tonn af fatnaði til útflutnings frá Eyjafirði. Er útflutningur sambærilegur á milli árána 2021 og 2020. Sjálfboðaliðar sem unnu að fatasöfnun og flokkun voru 27, 20 á Akureyri, 4 á Dalvík, 1 í Ólafsfirði og 2 á Siglufirði.

Fataverslun

Eyjafjarðardeild rak verslanir með notuð föt og skó á Dalvík og Akureyri auk þess sem markaðir voru haldnir í Ólafsfirði. Salan í Ólafsfirði gengur vonum framur en sjálfbóðaliðar í vinaverkefninu þar halda vikulega markaði í leiguhúsnæði deildarinnar. Ekki þurfti að loka verslun á Akureyri vegna samkomutakmarkana en loka þurfti versluninni í nokkra daga á Dalvík vegna samfélagssmits.

Tekjur af fataverslun á Akureyri voru um 22,2 mkr., á Dalvík 4 mkr. og 600 þús. kr. í Ólafsfirði.

Fatamarkaðir

Fatamarkaðir eða flóamarkaðir með föt, skó og smávarning voru á Akureyri í byrjun hvers mánaðar ársins nema í janúar. Heildartekjur af mörkuðunum voru um 5,2 mkr. á árinu 2021.

Um árabíl hafði verið haldinn arðsamur fatamarkaður á Dalvík á Fiskideginum mikla en árin 2020 og 2021 féll Fiskidagurinn niður og markaðurinn þar með.

Sjálfbóðaliðar í fataverslunum og fatamörkuðum voru 44 árið 2021, 36 á Akureyri, 5 á Dalvík og 3 í Ólafsfirði.

Torgsala

Torgsölur hafa mörg undanfarin sumur verið haldnar á Ráðhústorgi þegar stór skemmtiferðaskip hafa verið í höfn og þar seldar lopavörur. Tekjur af torgsölu á árinu 2019 voru tæpar 2,4 milljónir króna. Árin 2020 og 2021 hefur ekki unnt að vera með torgsölur enda fá skemmtiferðarskip við landið vegna heimsfaraldurs.

Heildartekjur af fatasölu Eyjafjarðardeildar voru um 32 mkr. sem er tæpum 9 milljónum meira en árið 2020 og um 3 milljónum króna meira en 2019.

Þessu til viðbótar var seldur fatnaður úr verslunum og á mörkuðum deildarinnar fyrir fatakort að andvirði um 2,1 mkr. Deildin skilaði um 10 milljónum króna til sameiginlegra verkefna á landsvísu og tekjur af þessu verkefni standa undir verulegum hluta af kostnaði við rekstur deildarinnar. Söfnun og endurnýting fatnaðar hefur víðtækara samfélagslegt gildi því án þessarar starfsemi þyrftu íbúar Akureyrar að flytja þessa tegund úrgangs – 180-200 tonn árlega – vestur á Sölvabakka í Húnavatnssýslu þar sem hann væri urðaður með tilheyrandi kostnaði og umhverfisspjöllum.

Vinahópar Eyjafjarðardeildar og föt sem framlag

Tveir vinahópar eru starfræktir á Eyjafjarðarsvæðinu. Vikulega hittist hópur í Ólafsfirði. Þar kemur fólk saman og spjallar, flokkar og selur föt og fæst við handavinnu. Um er að ræða virkniverkefni þar sem öllum gefst kostur á að koma og nýta krafta sína. Verkefninu er stýrt og haldið uppi af Aðalheiði Sigurjónsdóttur hópstjóra og stjórnarkonu.

Þrjónahópur á Akureyri þrjónar fatnað fyrir verslanir deildarinnar og heldur styrktarsölur fyrir deildina. Þá hafa sjálfbóðaliðar úr hópnum aðstoðað við að flokka allt garn sem kemur í fataflokun á Akureyri og merkja það, bæði svo að auðveldara sé að nýta það í þrjónahópnum og til að gera garnið endursöluvænna í verslunum. Þá hefur deildin einnig lagt nágrannadeildum til garn. Jafnframt hefur

þrjónahópurinn brugðist við og þrjónað fyrir skjólstæðinga Rauða krossins, t.d. þá sem sækja þjónustu í verkefnið Frú Ragnheiði. Hópurinn var með vikulega samveru í Viðjulundi á árinu þegar samkomutakmarkanir leyfðu. Nokkrir sjálfboðaliðar taka ekki þátt í þessu hópastarfi en þrjóna í heimahúsum og koma afurðunum til Rauða krossins.

34 sjálfboðaliðar voru skráðir í vinahópa, 1 frá Siglufirði, 11 í Ólafsfirði, 4 á Dalvík og 18 á Akureyri.

Stuðningur við innflytjendur og flóttafólk

Verkefni eru starfrækt innan deildarinnar fyrir flóttafólk og innflytjendur sem hafa það markmið að veita fólki af erlendum uppruna félagslegan stuðning, tengingu við samfélagið og kenna þeim íslensku. Árið 2021 var samræmd móttaka flóttafólks prufukeyrð á landsvísu, þ.á.m. á Akureyri. Töluvert fleira flóttafólk kom í þjónustu deildarinnar en verið hefur síðan síðasti kvótaflóttahópur kom 2016.

Verkefnin Leiðsöguvinir og Tölum saman

Leiðsöguvinir og Tölum saman eru verkefni sambærileg því sem áður hét stuðningsfjölskyldur. Leiðsöguvinir veita sálfélagslegan stuðning og aðstoða flóttafólk sem er nýkomið til landsins. Aðstoðin felst í félagsskap, samveru, tengingu við samfélagið og almennri upplýsingagjöf. Tölum saman er sambærileg þjónusta fyrir sama markhóp nema þar er áherslan á íslenskuaðstoð.

Þessi þjónusta er veitt flóttafólki í allt að eitt ár og er hluti af þjónustu sem Rauði krossinn veitir flóttafólki samkvæmt samningi við íslenska ríkið.

Tvær sýrlenskar fjölskyldur komu til Akureyrar í ágúst 2021 en fyrir voru tvær einstæðar konur og ein fjölskylda frá Írak sem féllu undir þjónustusamning Rauða krossins og ríkisins. Við bættust aðrar tvær sýrlenskar fjölskyldur í september. Þá kom fjölskylda frá Afganistan til Akureyrar í desember og tveir einstæðir karlmenn frá Venesúela og Sómalíu fluttu undir lok árs til Akureyrar og munu njóta þjónustu deildarinnar 2022.

Auglýst var eftir sjálfboðaliðum og haldin námskeið fyrir leiðsöguvini, fyrst í samstarfi við Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu en síðan á vegum Eyjafjarðardeildar. Reglulegir fundir voru haldnir með leiðsöguvinum frá haustinu og fram til desember eða um 7 talsins. Þá tók starfsfólk þátt í 15 teymis- og samráðsfundum á árinu varðandi flóttamannamál. Regluleg viðtöl og heimsóknir voru til fjölskyldanna og einstaklinganna þegar þau komu til landsins. Starfsmenn og sjálfboðaliðar aðstoðuðu einnig við að safna sængum, sængurfötum og öðrum nauðsynjarvörum í gegnum fataflokkun til að flóttafólkið hefði það allra nauðsynlegasta fyrstu dagana á meðan það kom sér fyrir. Einnig fékk flóttafólkið fatakort sem það gat notað í verslun og á mörkuðum deildarinnar.

Haldin var móttaka á vegum Akureyrarbæjar í húsnæði Rauða krossins í Viðjulundi í október.

Á árinu 2021 unnu 14 sjálfboðaliðar í þessum verkefnum með 30 skjólstæðingum.

Íslenskuaðstoð

Íslenskuaðstoð fyrir fullorðna

Þjónustan er í boði fyrir innflytjendur og hefur verkefnið verið starfrækt við deildina frá árinu 2017. Um er að ræða verkefni sem er að vissu leyti í anda vinaverkefna og er stundum í daglegu tali kallað

„Íslenskuvinir“. Sjálfboðaliði frá deildinni hittir einstakling einu sinni í viku í um klukkustund í senn, spjallar, spilar eða aðstoðar við Íslenskunám og veitir á sama tíma mikilvæga innsýn og tengingu við Íslenskt samfélag. Skjólstæðingar með lítið félagslegt tengslanet njóta einnig góðs af verkefninu þar sem um félagslega samveru er að ræða. Í verkefnið sækir breiður hópur fólks af erlendum uppruna. Þetta verkefni er ekki ætlað flóttafólki fyrsta árið eftir að það kemur enda eru önnur samningsbundin þjónusta í boði fyrir það. Hins vegar hefur hluti flóttafólks sóst eftir þessu úrræði síðar þegar þeirri samningsbundnu þjónustu er lokið.

Íslenskuaðstoð fyrir börn og ungmenni

Í Íslenskuverkefninu fyrir börn aðstoða sjálfboðaliðar Rauða krossins börn sem hafa Íslensku sem annað mál. Aðstoðin felst í því að sjálfboðaliðar lesa fyrir börnin eða hjálpa þeim að lesa sjálf, allt eftir getu þeirra. Þá getur aðstoðin einnig falist í spjalli, leikjum, spilum eða aðstoð við heimanám, þá aðallega að aðstoða við skilning á fyrirmælum og annað sem vafist getur fyrir börnunum. Aðstoðin fer fram í heimahúsi eða á Amtbókasafninu.

Á árinu störfuðu 26 sjálfboðaliðar í Íslenskuverkefnum, þar af voru 11 sjálfboðaliðar sem aðstoðuðu börn og 13 með fullorðnum. 34 skjólstæðingar nýttu sér úrræðið.

Tveir fundir voru haldnir á árinu með sjálfboðaliðum í Íslenskuverkefnum. Þá voru reglulegir stöðufundir teknir með hópstjóra en hópstjóri er Bergþóra Björk Guðmundsdóttir.

Opið hús fyrir innflytjendur

Verkefnið Opið hús hóf göngu sína í apríl 2019. Starfsemin fólst í vikulegum opnum tímum þar sem veitt var aðstoð við atvinnuleit og húsnæðisleit ásamt almennri ráðgjöf um réttindi og skyldur í Íslensku samfélagi. Leitast var við að finna félagslega virkni fyrir þá einstaklinga, sem óskuðu eftir því, ásamt því að aðstoða við námsleit, umsóknir vegna dvalarleyfa eða atvinnuleyfa o.fl.

Sambærilegt verkefni var áður starfrækt á höfuðborgarsvæðinu en því var hætt á árinu. Ákveðið var að halda áfram með opið hús á Akureyri í einhvern tíma á meðan kannað væri hvort þjónustan ætti heima annars staðar. Eftir fund með félagsþjónustu Akureyrar og Vinnumálastofnun var ákveðið að hætta verkefninu smám saman og var því svo hætt formlega í ágúst, eftir mjög rólegt sumar í úrræðinu. Til að gera yfirfærsluna til Akureyrbæjar sársaukaminni fyrir skjólstæðinga Rauða krossins var ákveðið að hafa bakvaktarlista sjálfboðaliða sem gætu komið ef á þyrfti að halda og ef önnur úrræðu gætu ekki leyst erindið. Lítið reyndi á bakvaktina eftir að opnu tímarnir voru lagðir niður.

Á árinu 2021 nýttu 16 einstaklingar sér þjónustuna en 63 komur voru skráðar í opið hús. Meðalaldur þeirra sem sóttu í úrræðið var 33 ár og var mikill meirihluti karlmenn eða 12 á móti 4 konum. Um er að ræða aðeins fleiri komur en árið á undan þótt verkefnið hafi ekki verið starfrækt allt árið en tölurverð fækkun varð á komum milli árana 2019 og 2020.

Sjálfboðaliðar voru 8 á árinu. Haldnir voru 2 fundir með sjálfboðaliðum opins húss á árinu. Hópstjóri var Sóley Björk Stefánsdóttir.

Heimsóknavinir

Heimsóknavinaverkefnið er það verkefni sem hefur orðið fyrir hvað mestum áhrifum af faraldri covid-19. Skjólstæðingahópurinn býr að stórum hluta á hjúkrunarheimilum þar sem hafa verið takmarkanir á heimsóknnum. Flestir skjólstæðinganna og jafnvel sjálfboðaliðanna falla undir

áhættuhópa, aðallega sökum aldurs. Árið 2021 hélt verkefnið þó áfram og flestir sjálfboðaliðar reyndu að halda sínu striki þó erfitt hafi reynst að heimsækja einstaklinga á sumum hjúkrunarheimilum.

Í heimsóknavinum voru 35 sjálfboðaliðar, þar af 29 á Akureyri og 6 á Siglufirði.

Hundavinir nefnast þeir sjálfboðaliðar sem hafa hund í fylgd með sér í heimsóknum til skjólstæðinga. Hugmyndir voru uppi um að efla hundavini á Eyjafjarðarsvæðinu og þjálfa nýja hundavini í samstarfi við Kópavogsdeild en sú deild sameinaðist Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeild í mars þetta ár. Var sú hugmynd sett í bið með haustinu, þar sem stjórn deildarinnar stefndi á stefnumótunarvinnu þar sem meðal annars yrði unnið að áherslum í verkefnum. Þá var á sama tíma að hefjast álagstími í kringum starf með flóttafólki. Skoða þarf á nýju ári hvort blásið verði til sóknar með hundavinum eða það verkefni lagt niður.

Hópstjórar heimsóknavina á Akureyri eru Hörður Ólafsson og Sólveig Gunnarsdóttir. Enginn hópstjóri er yfir verkefninu á Siglufirði. Starfsfólk deildarinnar hélt tvo fundi á árinu með sjálfboðaliðahópum heimsóknavina og þrjá með hópstjórum verkefnisins.

Símavinaverkefnið er undir yfirstjórn deildarinnar í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Tveir sjálfboðaliðar af Eyjafjarðarsvæðinu tóku þátt í símavinaverkefninu og tveir gestgjafar búsettir á Eyjafjarðarsvæðinu þáðu þjónustuna.

Lautin athvarf

Ákvörðun var tekin síðla árs 2020 um að Rauði krossinn myndi hætta að manna laugardagsopnun Lautarinnar með sjálfboðaliðum og að Akureyrarbær myndi taka að öllu leyti við verkefninu. Kveðjuhóf var haldið í byrjun árs fyrir sjálfboðaliða Lautarinnar í Laut og var verkefninu þá formlega lokið.

Neyðarvarnir

Það er lögbundið hlutverk Rauða krossins í almannavörnum að bregðast við hópslysum og náttúruvá sem ógnar fjölda fólks, með því að opna fjöldahjálparstöðvar og veita þar aðhlyningu þeim sem þurfa. Eyjafjarðardeild á að vera tilbúin til að opna slíkar stöðvar á starfsstöðum sínum og hefur á hverjum stað sjálfboðaliða sem tilheyra fjöldahjálparhópum og kunna að opna fjöldarhjálparstöðvar. Utanumhald með fjöldahjálparhópum er í höndum starfsmanna Eyjafjarðardeildar.

Viðbragðshópur

Í Viðbragðshópi Eyjafjarðardeildar eru sjálfboðaliðar sem hafa þjálfað sig í að veita sálrænan stuðning þeim sem hafa lent í áföllum. Teymið er alltaf á vakt og skipta sjálfboðaliðar með sér vöktunum. Teymið fór í 5 útköll á árinu. Notendur fengu eftir atvikum sálrænan stuðning, spjall, bækling eða allt í senn. Viðrunarfundur var haldinn í kjölfar hvers útkalls, ýmist með fjarfundabúnaði eða samkomu í Viðjulundi.

Hópstjórar viðbragðshóps á árinu voru Guðný Rut Gunnlaugsdóttir og Katrín Guðrún Guðjónsdóttir. Álfheiður Svana Kristjánsdóttir steig til hliðar sem hópstjóri þegar hún tók að sér stöðu neyðarvarnarfulltrúa. Utanumhald með viðbragðshópum á landsvísu er í höndum Landsskrifstofu en sjálfboðaliðarnir tilheyra deildum.

Árið 2021 voru 83 sjálfboðaliðar skráðir í neyðarvarnir. Þar af voru 63 sjálfboðaliðar skráðir í fjöldahjálp viðsvegar á starfssvæðinu. 27 sjálfboðaliðar voru skráðir í viðbragðshóp. Því til viðbótar voru 4 í aðgerðastjórn og einn á bakvaktarsíma Rauða krossins. 4 námskeið og fundir voru haldin á árinu í neyðarvörnum.

Neyðarnefnd var starfrækt á árinu en lögð niður 2021. 4 sjálfboðaliðar ásamt starfsfólki deildarinnar var áður í nefndinni.

Hjálparsíminn 1717 – símsvörun

Á undanförunum árum hafa sjálfboðaliðar á Akureyri sinnt símsvörun fyrir Hjálpar-símann 1717. Þetta hafa fyrst og fremst verið nemendur Háskólans á Akureyri í sálfræði og hjúkrunarfræði sem hafa fengið til þess sérstaka þjálfun og fá starfið metið í náminu. Verkefninu er stýrt frá landsskrifstofu Rauða krossins en verkefnastjóri Eyjafjarðardeildar aðstoðar við öflun sjálfboðaliða og heldur utan um tengsl og kynningarstarf við Háskólann á Akureyri.

Árið í tölum:

Heildarfjöldi samtala í Hjálparsímann á öllu landinu árið 2021 var 13.356 en til samanburðar voru samtölin 22.553 árið 2020 en 13.458 árið 2019. Þessa gífurlegu aukningu samtala árið 2020 mátti að mestu rekja til þess að 1717 tók að sér að svara yfirfalli frá vaksíma heilsugæslunnar, númerinu 1700, á tímabili vegna heimsfaraldursins. Samtölin 2019 og 2021 eru svipað mörg. Ráðgjöfin sem hjálparlína Rauða krossins sinnti árið 2021 skiptist á eftirfarandi hátt: sálræn vandamál (64,6%), félagsleg vandamál (16%), heilbrigðisvandamál (6,7%), ofbeldi (6,3%), neysla og fíkn (4,7%), kynferðismál (1,5%), spilavandi (0,2%).

Á árinu 2021 tóku 7 sjálfboðaliðar þátt í þessu verkefni á vegum deildarinnar.

Frú Ragnheiður

Á fyrstu dögum ársins 2018 hófst starf á vegum Eyjafjarðardeildar í anda skaðaminnkunar sem felst í nálaskiptaþjónustu, sálrænum stuðningi og heilbrigðisaðstoð fyrir einstaklinga sem nota vímuefni í æð. Verkefnið á Akureyri heitir Frú Ragnheiður á Akureyri en hét áður Ungfrú Ragnheiður. Nafninu var breytt til að samræma heiti og starfsemi skaðaminnkunarverkefna á landsvísu.

Tveir hjúkrunarfræðingar, Berglind Júlíusdóttir og S. Edda Ásgrímsdóttir, hafa leitt verkefnið í samvinnu við starfsfólk Eyjafjarðardeildar. Berglind var svo ráðin tímabundið í hlutastarf síðla árs 2021 til að vinna að stefnumótunarferlum fyrir skaðaminnkun f.h. deildarinnar vegna samnings Rauða krossins á Íslandi við Sjúkratryggingar Íslands um heilbrigðishluta verkefnisins.

Sjálfboðaliðar eru á vöktum þrisvar í viku en sinna einstaklingum utan vaktatíma endrum og eins. Sjálfboðaliðar eru á öllum aldri og með mismunandi reynslu og menntun. Í kjölfar samnings félagsins við Sí er nú ávallt einn heilbrigðismenntaður sjálfboðaliði á vakt ásamt lækni á bakvakt fyrir verkefnið.

Fjöldi einstaklinga sem sóttu í þjónustu verkefnisins voru 23 árið 2021 á móti 16 einstaklingum 2020, þar af voru 13 nýkomur frá einstaklingum sem hafa ekki komið áður. Fjöldi koma í bílinn voru 195 á árinu á móti 241 árinu á undan. Það er því aukning um 7 einstaklinga sem sækja í verkefnið en þeir koma í færri skipti yfir árið. Þessar tölur gefa jafnframt til kynna að nokkur hreyfing sé á þeim einstaklingum sem sækja í verkefnið því nýkomur (13) eru umfram aukningu í fjölda (7) þeirra sem

sækja í verkefnið. Meirihluti notenda voru karlar en þeir voru 16 einstaklingar með 123 komur í bíllinn á móti 7 konum með 72 komur. Skjólstæðingar Frú Ragnheiðar eru á aldursbilinu 18-40 ára.

Bíllinn sem var tekinn í gagnið árið 2020 hefur reynst verkefninu afar vel og aukið þjónustugetuna til muna. Bæði er nú auðveldara aðgengi að þeim búnaði sem til þarf og jafnframt eru samskipti við skjólstæðinga og aðhlyning þeirra nú auðveldari.

Lagt var upp með að gera allt sem hægt væri til að halda óskertri þjónustu í verkefninu þrátt fyrir heimsfaraldurinn. Þannig þurfti að breyta verklagi og aðlaga þjónustuna í verkefninu oft á árinu í samræmi við gildandi sóttvarnareglur hverju sinni. Þá var skjólstæðingum boðin aðstoð við að komast í bólusetningu við covid-19.

Veitingastaðurinn Vitinn styrkti verkefnið um hundruð heitra matarbakka á árinu og hafa þeir verið vel nýttir af skjólstæðingum verkefnisins. Ekra heildsala styrkti deildina með mataraðstoð fyrir skjólstæðinga Frú Ragnheiðar, þá í formi þurrmats og drykkja.

Nýliðanámskeið var haldið í október 2021 og fundur haldinn með sjálfboðaliðum síðla árs.

32 sjálfboðaliðar tóku þátt í verkefninu á árinu.

Námskeiðahald og fræðsla

Fyrirtæki og stofnanir á starfssvæðinu kaupa skyndihjálparnámskeið af Rauða krossinum en kennslan fer ýmist fram í fyrirtækjunum sjálfum eða í húsnæði Eyjafjarðardeildar. Kennarar á vegum Eyjafjarðardeildar héldu 69 námskeið í skyndihjálpar á árinu.

Á Akureyri voru haldin tvö námskeið sem nefnast Börn og umhverfi. Auk þess stendur deildin fyrir fræðslu um Rauða krossinn fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

6 kynningar um starf Rauða krossins voru haldnar fyrir um 80 manns en minna hefur verið um kynningar síðustu tvö ár en í venjulegu árferði.

Velferðarsjóður

Eins og á undanförunum árum vann Eyjafjarðardeild ásamt Hjálparstarfi kirkjunnar, Hjálpar-ræðis-hernum og Mæðrastyrksnefnd Akureyrar undir hatti Velferðarsjóðs Eyjafjarðar að því að styðja við bakið á þeim sem minnst hafa milli handanna fyrir jólin.

Velferðarsjóðurinn tekur á móti umsóknum um stuðning, vinnur úr þeim og afgreiðir eftir tekjuviðmiðum. Áhersla er lögð á faglega úrvinnslu en mikill fjöldi fólks sækir um og fær aðstoð hver jóla. Sett var upp símaver í húsnæði Rauða krossins í byrjun desember til að taka á móti umsóknunum símléiðis. Úthlutun úttektarkorta, fatnaðar og matar fór síðan fram í húsnæði Hjálpræðishersins og í húsnæði Rauða krossins dagana 13.-15. desember. Úthlutunum gekk í alla staði mjög vel enda komin mikil reynsla á starfið.

Tæplega 10% aukning umsókna var í jólaaðstoðina milli ára og voru afgreiddar um 433 umsóknir á móti rétt um 400 árið 2020.

6 sjálfboðaliðar í öðrum verkefnum deildarinnar lögðu til vinnu við þetta verkefni í aðdraganda jóla. Rauði krossinn við Eyjafjörð leggur ekki til beint framlag í sjóðinn en leggur til starfsmenn og aðstöðu til verkefnisins ásamt fatakortum. Mikil aðsókn var í verslun Rauða krossins eftir úthlutun fatakorta.

Viðbrögð við neyðarbeiðnum

Rauði krossinn á Íslandi efnir eftir atvikum til neyðarsafnana vegna náttúruhamfara eða stríðsástands úti í heimi. Eyjafjarðardeild lagði á árinu til 2.500.000 krónur samtals til annars vegar Afganistan og hins vegar Palestínu.

Rakningarteymið

Skömmu fyrir jól var mikið álag á rakningarteymi Landlæknis vegna Covid-19 og barst Rauða krossinum ákall aðstoð við að manna rakninguna. Sett var upp símaver með 10 sínum til að bregðast við þessari þörf, á milli jóla og nýjárs. Fjöldi sjálfboðaliða og starfsmanna tóku þátt í rakningunni með því að skrá sig á vaktir. Símværið var síðan flutt yfir í Háskólann á Akureyri þar sem það var hýst á meðan á þurfti að halda.

Baksturshópur

Í Viðjulundi starfa að jafnaði margir sjálfboðaliðar, flestir í fataverkefnum, ásamt starfsmönnum. Sú venja hefur skapast að bjóða sjálfboðaliðum, sem vinna í húsi á morgnana, í morgunkaffi kl. 10.30 þar sem boðið er upp á kaffi og meðlæti en auk þess koma sjálfboðaliðar úr versluninni gjarnan upp og fá sér hressingu seinni part dags. Á árinu 2019 var endurvakinn bókunarhópur sem kemur saman og fyllir á frystikistuna til að spara deildinni útgjöld fyrir kaffibrauði. 6 sjálfboðaliðar eru í verkefninu.

Félagsstarf

Rauði krossinn er félag sem byggir á sjálfboðnu starfi. Þátttaka félagsmanna í starfi Eyjafjarðardeildar er fyrst og fremst fólgin í sjálfboðnu starfi í verkefnum deildarinnar. Þátttaka í aðalfundum er ekki almenn og almennir félagsfundir eru ekki haldnir. Allt samkomuhald á vegum deildarinnar var í lágmarki á árinu vegna samkomutakmarkana, sumargrill fyrir sjálfboðaliða féll niður eins og samkoma fyrir jólin en sjálfboðaliðar fengu sent jólakort og súkkulaðistykki sem þakklætisvott fyrir þeirra mikilvægu störf í þágu félagsins.

Styrkir og vellunnarar

Brauðgerðarhús Akureyrar við Sunnuhlíð styrkti Rauða krossinn rausnarlega með brauði og bakkelsi fyrir sjálfboðaliða deildarinnar.

Starfsmenn hjá verktakafyrirtækinu Finnur ehf halda áfram að sjá til þess að bílaplanið við Viðjulund sé fært óháð veðráttu.

Ýmsir aðrir hafa styrkt starf Eyjafjarðardeildar sem of langt mál yrði upp að telja og fullyrða má að deildin nýtur velvilja almennings. Stjórn Eyjafjarðardeildar þakkar öllum einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa lagt deildinni lið á árinu 2021.

Lokaorð

Starf Eyjafjarðardeildar er fjölbreytt og verkefnin mörg þó að Covid-faraldurinn hafi haft áhrif á starfsemi deildarinnar á árinu 2021, aðallega á samkomur og hópastarf í félagslegum verkefnum. Rekstrartekjur deildarinnar skertust mikið árið 2020 en þrátt fyrir ótta framan af ári um áframhaldandi tekjutap varð ánægjuleg þróun í tekjum af fatasölu árið 2021. Sú þróun heldur vonandi áfram og sala á ullarvörum til ferðafólks af skemmtiferðaskipum ætti að geta skilað drjúgum tekjum á árinu 2022 á meðan verið er að selja lopavörur sem safnast hafa upp hjá deildinni í fárinu.

Eins má vænta aukinna tekna af salaleigu og námskeiðahaldi en þær tekjur höfðu dregist saman í faraldrinum.

Stjórn Eyjafjarðardeildar þakkar starfsfólki deildarinnar og sjálfboðaliðum fyrir framlag sitt árið 2021 og óskar þeim velfarnaðar á nýju starfsári. Stjórnin þakkar líka fyrirtækjum, félögum og öðrum Rauða kross deildum stuðning við verkefni deildarinnar á árinu.